

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

- a) um heimil fyrir kr. 130,00 hvert kílóvatt um árið.
Rafveitan selur eigi minna afl um heimil en $\frac{1}{2}$ kílóvatt.
- b) um mæla, þar sem hver tegund notkunar er mæld sérstaklega:
- | | |
|-------------------------------------|--------------------------|
| 1. til ljósa | fyrir 50 auru hver kwst. |
| 2. — suðu, vatnshitunar o. fl. | — 7 — — — |
| 3. — herbergjahitunar | — 3 — — — |
| 4. — vélareksturs og iðnaðar | — 15 — — — |
- c) um mæli til heimilisnotkunar (ljós, suðu, herbergishitunar í íbúðum), mæld um einn mæli:
- | | |
|---|-------------|
| 1. fyrir fyrstu $6 \times h$ kwst. á hverjum mán. greiðist 50 aur. f. hv. kwst. | |
| 2. — næstu $44 \times h$ — — — — — | — 7 — — — — |
| 3. — það, sem notað er þar fram yfir .. | — 3 — — — — |
- Merkir þá h fjölda íbúðarherbergja.
- d) Þeir notendur, sem festa kaup á 20 kw. a. m. k. til heils árs skulu geta fengið það afl, er þeir nota fram yfir fasta-afl, gegn kwst-gjaldi:
- til iðnaðar eða vélareksturs fyrir 8 auru hverja kwst.
 - til upphitunar húsa eftir sérstökum samningi, þar sem tekið er tillit til þess á hvaða tíma dags orkan er notuð.
- e) Um sérstaka notkun, sem ekki fellur undir lið a)—d), fer eftir samningi milli rafveitustjórnar og hlutaðeigenda.
Gjöld þessi má hækka og lækka um 10%, ef yfirstjórn samþykkir.

2. gr.

- Fyrir leigu á mælitækjum skulu rafnotendur greiða:
- fyrir heimil kr. 1,50 fyrir hvern ársfjórðung.
 - venjulegan tvífasa mæli 50 auru á mánuði.
 - samsett mælitæki kr. 1,00 á mánuði.

3. gr.

Heimtaugagjald skal hver húseigandi eða húsráðandi greiða í eitt skipti fyrir öll, er hann fær lagða heimtaug að húsum sínum.

Upphæð heimtaugagjalds miðast við fasteignamat hússins eða húsanna, sem orku fá úr heimtaug, og skal vera 1% af því, og innheimtast ársfjórðunglega á 2 árum með $\frac{1}{8}$ í hvert sinn.

4. gr.

23

22. febr.

Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórðaparti í senn, fyrir hvern ársfjórðung, og er gjalddagi 2. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. okt.

Gjald eftir tölu kílóvattstunda skal greitt mánaðarlega eftir á, undir eins og krafizt er.

Þó skal gjald eftir tölu kílóvattstunda skv. d-lið 1. greinar, greitt eftir á við lok hvers ársfjórðungs.

5. gr.

Gjald fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögunum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

24

28. febr.

um barnapróf.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 40 frá 1926 er sett eftirfarandi reglugerð um barnapróf:

1. gr.

Skylt er að hafa árspróf og fullnaðarpróf. Prófin skal halda að vorinu, í lok kennslutímans, þó eigi fyr en í aprilmánuði. Fullnaðarpróf er burtfararpróf barna um 14 ára aldur. Miða skal við síðustu áramót, þannig að veita má þeim börnum fullnaðarpróf, sem orðið hafa 13 ára fyrir 1. janúar það ár, sem prófið er haldið.

2. gr.

Þau börn, sem prófuð hafa verið áður um vorið að viðstöddum eftirlitsmanni er ekki skylt að prófa aftur í sömu námsgreinum.

3. gr.

Nú nota börnin vinnubækur, er sýna lausnir barnanna á þeim verkefnum, sem tekin eru til meðferðar í einstökum námsgreinum yfir veturinn, og er þá fræðslumálastjóra heimilt, ef skólanefnd og kennari óskar, að veita undanþágu frá einkunnagjöfum við árspróf í þeim námsgreinum, er prófdóm-